

## AUGLÝSING

### **um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993 - 2013, breyting vatnsverndar í vesturhluta bæjarins; Kjarrheiði og Valsheiði.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. mars 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013 frá 19. maí 1994.

Breytingin tekur til vesturhluta Hveragerðisbæjar og felst í að aflétta vatnsvernd á svæði 1, 2 og 3; hringtorgi verði komið fyrir þar sem Kambahraun/Heiðmörk, Þelamörk og nýir vegir að fyrirhugaðri byggð skerast; verslunar- og þjónustusvæði við Þelamörk flyst úr austur- í vesturenda íbúðarbyggðar við Þelamörk, sem minnkar vegna stækkunar útivistarsvæðis í vesturenda þess og bætt er við útivistarsvæði vestan íbúðarbyggðar við Arnarheiði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 18. mars 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*